

	Flyt . . .	kr.	5779704	62	159
8. Varasjóður fyrir sparisjóðs Reykjavíkur . . . . .	—		9722	61	
9. Varasjóður bankans . . . . .	—		585096	27	
10. Tekjur, sem enn eru ekki lagðar við varasjóð . . . . .	—		187552	91	
		kr.	6562076	41	

Stjórn Landsbankans 11. nóvbr. 1908.

*Tr. Gunnarsson. Eiríkur Briem. Kristján Jónsson.*

## Firmitilkynningar.

160

Samkvæmt lögum 13. nóvbr. 1903, um verslunarskrár, firmu- og prókúru-  
umbod, hafa eftirgreind firmu og breytingar á firmum verið tilkynt til innfærslu  
á verslunarskrár landsins.

### I. Reykjavík.

1. Helgi Magnúson, Bjarnhjedinn Jónsson og Kjartan Gunnlögsson hjer í bænum, sem eru eigendur fjelagsins »Helgi Magnússon & Co.«, er þeir stofnuðu með samningi, dags. 21. mars 1907, og tilkyntu til firmaskrárinnar 27. maí s. á., tilkynna að þeir hafi slitið tjeðu fjelagi, sem því sje hætt störfum og beiðast þess, að tjeð firma verði strikað út úr firmaskránni.
2. Helgi Magnússon járnsmiður og Kjartan Gunnlögsson verslunarmaður, báðir til heimilis í Reykjavík, tilkynna að þeir með firmanu Helgi Magnússon & Co. reki verslun í Reykjavík með allskonar járnvörur og taki að sjer uppsetning á hitaleiðslum, vatnsleiðslum og öðru þesskonar. Þeir hafa báðir ótakmarkaða ábyrgð. Aðeins undirskrift beggja er gild. Prókúra hefir Kjartan Gunnlögsson fyrir firmað.

Reykjavík, 21. mars 1908.

Helgi Magnússon. Kjartan Gunnlögsson.

Helgi Magnússon og Kjartan Gunnlögsson rita firmað þannig:

Helgi Magnússon & Co.

Helgi Magnússon. Kjartan Gunnlögsson.

Kjartan Gunnlögsson ritar þannig sem prókúruhafi:

p. p. Helgi Magnússon & Co.

Kjartan Gunnlögsson.

3. Björn Kristjánsson og Jón Björnsson, Reykjavík, reka þar í fjelagi verslun með firmanafninu »Björn Kristjánsson«. Eiga þeir hvor um sig hálfu verslun

160 unina, og hafa þeir báðir ótakmarkaða ábyrgð báðir fyrir einn og einn fyrir báða á skuldbindingum firmans og hver fyrir sig rjett til að rita það.

Undirskrift:

»Björn Kristjánsson«

Björn Kristjánsson.

»Björn Kristjánsson«

Jón Björnsson.

4. Firmað »Völundur«, hlutafjelag í Reykjavík, tilkynnir að trjesmiðameistara Magnúsi Blöndahl sje veitt prókúruumboð til að rita firmað.

5. Tilkynning um firma Björns Kristjánssonar og Jóns Björnssonar 1. mars þ. á., sem auglýst er í Lögbirtingablaðinu nr. 14, er hjermeð afturkölluð og ónýtt.

6. Björn Kristjánsson í Reykjavík rekur verslun með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu »Björn Kristjánsson«.

7. Björn Kristjánsson tilkynnir að Jón Björnsson verslunarmaður sje orðinn hluthafi í firma hans að firmanafninu óbreyttu. Eiga þeir hvor um sig hálfu verslunina og reka hana í sameiningu með ótakmarkaðri ábyrgð, og hafa þeir báðir rjett til að rita firmað hvor fyrir sig. — Árni Eiríksson verslunarstjóri hefir umboð til að rita firmað pr. prókúra. —

Björn Kristjánsson ritar:

»Björn Kristjánsson«.

Jón Björnsson ritar:

»Björn Kristjánsson«.

Árni Eiríksson ritar:

p. p. »Björn Kristjánsson«

Árni Eiríksson.

8. Hlutafjlagið »Sameignarkaupfjelag Reykjavíkur« rekur verslun í Reykjavík með firmanafninu »Sameignarkaupfjelag Reykjavíkur h/f«. Skrifstofa fjelagsins er í Reykjavík. Samþyktir gerðar 15. mars 1908 og 17. maí s. á. Framboðinn höfuðstóll er 15,000 krónur, sem skiftist í 10 króna, 50 króna og 100 króna hluti. Hlutabrjefin (nefnd í fjelaginu »stofnbrjef«) eru stíluð á nafn eiganda. Af höfuðstólum eru innborgaðar 10,500 krónur. Eftirstöðv-arnar má krefja inn fyrir 15. september 1908. Höfuðstóllinn má auka eftir vild. — Birtingar til fjelagsmanna skulu settar í eitthvert það blað í Reykjavík, sem stjórn fjelagsins telur hafa mesta útbreiðslu.

Í stjórn fjelagsins eru: Sigurður Sigurðsson búfræðingur (formaður), Pjetur G. Guðmundsson bókbindari (varaformaður), Jón Árnason prentari, Pjetur Zóphóniasson ritstjóri og Jón Magnússon útvegsmaður, allir til heimilis í Reykjavík.

Rjett til að rita firmað hafa þessir 3 menn úr stjórninni Pjetur G. Guðmundsson, Pjetur Zóphóniasson og Jón Árnason og rita þeir þannig:

Sameignarkaupfjelag Reykjavíkur h/f.

9. (Hlutafjlagið) »Sláturfjelag Suðurlands«, sameignarfjelag, rekur verslun með íslenskar afurðir og slátrar búfje. Lög fjelagsins eru frá 30. mars 1906,

endurskoðuð 25. júní 1908. Aðalskrifstofa í Reykjavík, en útibú í Borgar-  
nesi. Hlutfjeð — stofnfje — er 30 þúsund og má auka það eftir vild;  
skiftist það í hluti á 10 og 50 krónur. Hlutabryfin (stofnbryf) hljóða á nafn.  
Af hlutfjenu er galdið 18 þús. kr., en hins má krefjast fyrir 30. nóv. 1908.  
Auglýsingar til fjelagsmanna eru birtar deildarstjórum fjelagsins, en ekki  
skylt að birta þær í neinu blaði. Í stjórn fjelagsins eru: Ágúst Helgason,  
Birtingaholti (formaður), Björn Bjarnarson, Grafarholti (ritari), Eggert Páls-  
son, Breiðabólstað, Guðm. Ólafsson, Lundum, Hannes Thorarensen, Reykja-  
Hjörtur Snorrason, Skeljabrekku, Páll Ólafsson, Heiði, Vigfús Guðmundsson,  
Haga, Þórður Guðmundsson, Hala. Framkvæmdarstjóri Hannes Thorarensen  
forstjóri; meðstjórnendur: Björn Bjarnarson og Páll Stefánsson, Elliðavatni.  
Forstjóri H. Thorarensen ritar firmað. Undirskrift hans með öðrum með-  
stjórnanda eða báðum skuldbindur fjelagið fyrir lánum alt að  $\frac{1}{4}$  af stofnfjár-  
hæð. Aðrar lántökuskuldbindingar eru því aðeins gildar, að formaður riti  
firmað, en þó nægir undirskrift hans eins.

Prókúruhafi er: Hannes Thorarensen

10. Stjórn h/f Fjelagsbókbandsins auglýsir, að hr. Pjetur Guðmundsson er geng-  
inn úr stjórn »Fjelagsbókbandsins« og í hans stað kom sem formaður Guð-  
björn Guðbrandsson. Að öðru leyti er stjórn fjelagsins óbreytt, samkv. augl.  
21. des. f. á.
11. Með firmanu »Th. Thorsteinsson & Co.« er rekin verslun og klæðskeravinnu-  
vinnustofa í Reykjavík af fjelagi, sem þeir Th. Thorsteinsson kaupmaður og  
Geir Thorsteinsson verslunarmaður í Reykjavík eru fjelagsmenn í með ótak-  
markaðri ábyrgð.

Aðeins undirskrift Th. Thorsteinsson er gild.

Th. Thorsteinsson ritar firmað þannig:

Th. Thorsteinsson & Co.

12. Knud Skjold Philipsen og Axel August Andersen tilkynna, að þeir reki fje-  
lagsverslun í Reykjavík með ótakmarkaðri áhyrgð undir firmanafninu Philip-  
sen og Andersen. Hvor þeirra um sig getur ritað firmað.

Axel Andersen ritar firmað þannig:

Philipsen & Andersen.

Knud Skjold Philipsen ritar firmað þannig:

Philipsen & Andersen.

13. Firmað H. P. Duus auglýsir, að það veiti Jakob Jónssyni fult umboð til að  
rita nafn firmans »per prókúra«.

Jakob Jónsson ritar:

p. p. H. P. Duus

Jakob Jónsson.

14. Jón Halldórsson, Bjarni Jónsson frá Galtafelli og Jón Ólafsson halda áfram  
firmanu »Sigurjón Ólafsson & Co.«, sem nú er hætt, undir nafninu »Jón Hal-  
dórsson & Co.«. Fjelagið rekur snikkaðnið, sjerstaklega húsgagnasmíði, og

160 hefir útsölu á því, sem að iðn þessari lýtur. Ofantaldir 3 fjelagsmenn hafa allir sameiginlega ótakmarkaða ábyrgð.

Aðeins undirskrift allra fjelagsmanna í sameiningu er gild.

Undirskriftin er:

Jón Halldórsson & Co.

Jón Halldórsson. Bjarni Jónsson, Jón Ólafsson.  
frá Galtafelli.

15. Ungfrú Þuríður Sigurðardóttir í Reykjavík tilkynnir, að hún rekur verslun með sápu, bursta, ilmvötn, toalettvörur m m. undir nafninu: Sápuverslunin. Eigandi er Þuríður Sigurðardóttir og hefir hún ótakmarkaða ábyrgð. Firmað ritar hún þannig:

Sápuverslunin  
Þuríður Sigurðardóttir.

16. Firmað C. L. Lárusson & Co. tilkynnir, að umboð Árna Gíslasonar til að rita firmað, sje fallið burtu 28. apríl 1908, en frá þeim degi rita firmað þeir Haraldur Möller og Ari Antonsson þannig:

pr. C. L. Lárusson & Co.  
Haraldur Möller.  
Ari Antonsson.

## II. Hafnarfjarðarkaupstaður.

Hlutfjelagið P. I. Thorsteinsson & Co. tilkynnir, að það hafi veitt Sigfúsi Bergmann í Hafnarfirði prókúruumboð við atvinnurekstur fjelagsins í Hafnarfirði.

## III. Árnessýsla.

Hlutfjelagið »Kaupfjelagið Hekla« rekur verslun á Eyrarbakka. Lög fjelagsins eru samþykkt 3. febrúar 1908. Í stjórn fjelagsins eru: Kjartan Helgason prestur í Hruna formaður, Sigurður Guðmundsson bóndi á Selalæk varaformaður og Kristján Jóhannesson á Eyrarbakka meðstjórnandi og jafnframt kaupstjóri fjelagsins. Rjett til að rita firmað hafa: stjórnin öll í sameiningu og sömuleiðis Kristján Jóhannesson einsamall. Innborgað hlutafje nemur 30,000 kr., en það má auka eftir vild. Hlutabrfjefin, nefnd stofnbfjef, eru stíluð á nafn eiganda og hljóða upp á 20 kr. og 100 kr.

Kristján Jóhannesson á Eyrarbakka tilkynnir, að »Verslunarfjelagið Hekla« á Eyrarbakka sje hætt að starfa undir því nafni og sje gengið inn í hlutfjelagið »Kaupfjelagið Hekla« á Eyrarbakka.

## IV. Barðastrandarsýsla.

1. Hlutfjelagið P. J. Thorsteinsson & Co. rekur verslun, fiskiveiðar og fiskverkun, skipautgerð o. fl. á Vatneyri og Bildudal í Barðastrandarsýslu. Lög fjelagsins eru dags. 10. apríl 1907 og viðauki gjörður við þau 8. maí 1907. Í stjórn fjelagsins eru: Carl Anton Johan Becker, Johan Friedrich Erichsen, Holger Christian Valdemar Möller, Knud Christian Julius Nielsen í Kaupmannahöfn

og Jean Eggert Claessen í Reykjavík, svo og sem framkvæmdarstjórar Thor Jensen í Reykjavík, Andreas Thomas Möller, Valentin Emil Aage Möller í Kaupmannahöfn, Pjetur Jens Thorsteinsson í Hellerup og Christian Rasmussen í Leith. Firma fjelagsins rita 2 framkvæmdarstjórar í sameining eða einn af framkvæmdarstjórunnm ásamt einum hinna annara stjórnenda. Höfstóllinn er ein miljón króna, skift í hluti að upphæð 2000 og 1000 kr., sem hljóða upp á nafn. Hlutfjeld er innborgað að fullu. Birtingar til fjelagsmanna skulu settar í »Berlingatiðindi« í Kaupmannahöfn og í blað það á Íslandi, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar.

2. Tilkynt er að firmað Hannes B. Stephensen & Co. á Bildudal sje hætt störfum, og hefir það því verið afmáð úr verslunarskránni.
3. Tilkynt er að firmað Ó. Jóhannesson & Co. á Vatneyri sje hætt störfum, og hefir það því verið afmáð úr versfunarskránni.
4. Hlutfjelagið Kaupfjelag Ketildala rekur verslun á Bakka í Dalahreppi í Barðastrandarsýslu. Samþyktirnar eru gjörðar 22. mars 1906. Í stjórn fjelagsins eru Magnús Þorsteinsson, Benedikt Kristjánsson og Einar Bogason. Framkvæmdarstjóri er Jón Hallgrímsson á Bakka og er undirskrift hans eins gild. Höfuðstóllinn er 1000 kr., þaraf 750 kr. skift í 30 hluti hver á 25 kr., sem hljóða upp á handhafa, en 250 kr. í tillögum frá fjelagsmönnum. Hlutir og tillög eru að fullu groidd, Tala fjelagsmanna er breytileg. Tilkyningar til fjelagsmanna skulu birtar með skriflegum fundarboðum og auglýsingum, er berist um fjelagssvæðið.
5. Hlutfjelagið P. J. Thorsteinsson & Co. í Kaupmannahöfn tilkynnir, að það hafi veitt Hannesi B. Stephensen á Bildudal prókúruumboð við atvinnurekstur fjelagsins þar.
6. Hlutfjelagið P. J. Thorsteinsson & Co. í Kaupmannahöfn tilkynnir, að það hafi veitt Ólafi Jóhannessyni á Patreksfirði prókúruumboð við atvinnurekstur fjelagsins þar.

### V. Ísafjarðarsýsla.

1. Hlutfjelagið »Grútur« rekur lýsisbræðslu í Bolungarvík, Hnífsdal og Kaldáreyri.

Höfuðstóll fjelagsins er 5500 kr., er skiftist í 12 jafna hluti, er hljóða á nafn og eru þeir greiddir að fullu.

Í stjórn fjelagsins er framkvæmdarstjóri Jóh. Þorsteinsson kaupmaður á Ísafirði og meðstjórnendur Jón A. Jónsson bankabókari á Ísafirði, Valdimar Þorvarðsson útvegsbóndi í Hnífsdal og Pjetur Oddsson kaupm. í Bolungarvík.

Rjett til að rita firmað hefir framkvæmdarstjóri með einum af meðstjórnendunum innanhjeraðs eða tveir af meðstjórnendunum. Utanhjeraðs ritar framkvæmdarstjóri einn firmað.

Tilkynningar til fjelagsmanna skulu birtar í blaði, er út kemur á Ísafirði, með 14 daga fyrirvara.

2. Hlutfjelagið »Máfur« rekur sildveiði í Ísafjarðarsýslu. Höfuðstóll fjelagsins

- 160 er 6000 kr., er skiftist í 10 jafna hluti, er hljóða á nafn, og eru þeir greiddir að fullu. Í stjórn fjelagsins eru formaður og tveir meðstjórnendur og ritari formaður með öðrum meðstjórnanda firmað.
3. Öll stjórn A/s N. Chr. Grams Handel farin frá. Í stjórn eru C. A. J. Becker, P. J. Thorsteinsson, V. E. A. Möller, G. Sch. Thorsteinsson, Kn. Chr. J. Nielsen. 2 stjórnendur skrifa firmað í sameiningu. Prókuruhafar P. J. Thorsteinsson, V. E. A. Möller, A. Th. Möller, O. I. Benjaminsson, hver um sig. Höfuðstóllinn er aukinn upp í 200000 kr. Samþykkt 14. maí 1908.
  4. »Hlutafjlagið Fjelagsbakarið á Þingeyri« rekur þar bakaraiðn. Hlutafjeð er 10,000 kr., er skiftist í 100 hluti á handhafa. Í stjórn eru C. Proppé formaður, Jóhannes Ólafsson og Guðni Guðmundsson, og ritari hún firmað í sameiningu, þó eigi fyrir stærri fjárhæð en 500 kr., komi sjerstakt samþykki eigi til.
  5. Guðni Guðmundsson á Þingeyri og Guðmundur Kristjánsson í Haukadall reka verslun í fimm verzlunarstöðum með firmanafninu: Verslunin Framtíðin, hafa báðir fulla ábyrgð og rita hvor um sig firmað.
  6. Hálfán Örnólfsson hreppstjóri í Meiri Hlíð, Jóhann Jónsson Eyfirðingur og Slgurður Jónsson kennari, báðir í Bolungarvík, reka verslun þar með ótakmarkaðri ábyrgð með firmanafninu

Hálfán Örnólfsson & Co.

## VI. Isafjarðarkaupstaður.

Hlutafjlagið »Vikingur« rekur timburverslun á Ísafirði. Höfuðslóll er 12000 kr., er skiftist í 12 jafna hluti, og hljóða brjefin á handhafa. Helmingur hlutafjárins greiðist fyrir 1. febrúar 1908, en síðari helmingurinn eftir fundarákvörðun. Hlutafjeð má hækka upp í 15000 kr.

Í stjórn fjelagsins eru 3 menn, formaður og 2 meðstjórnendur, og rita þeir firmað í sameiningu.

## VII. Skagafjarðarsýsla.

1. Firmað »Verslunin Drangey« á Sauðárkrók tilkynnir, að Pjetur Sighvatsson sje genginn úr firmanu, en að Sigurgeir Danielsson haldi einn atvinnunni áfram, og ritari hann firmað með sínu eigin nafni, en hefir firmanafnið prentað eða skrifað á reikninga, umslög o. s. frv.
2. Firmað »Kaupfjlag Skagfirðinga« pantar útlendar vörur fyrir fjelagsmenn og annast um sölu á innlendum vörum þeirra, og hefir auk þess söludeild á Sauðárkrók. Lög þess eru dagsett 4. mars 1907. Fjelaginu stjóraar 5 manna nefnd. Kaupfjelags- og söludeildarstjóri er Pálmi Pjetursson á Sauðárkrók.

Fjelagatala er breytileg. Meðlimir hinna einstöku deilda fjelagsins ábyrgjast 160 einn fyrir alia og allir fyrir einn skuldir deildarinnar. Allar peningalán-tökur fjelagsstjórnarinnar ábyrgjast allir fjelagsmenn in solidum.

Pálmi kaupfjeldagsstjóri Pjetursson hefir prókúruumboð.

### VIII. Akureyrarkaupstaður.

1. Steinsteyppufjelagið Steinöldin á Akureyri með takmarkaðri ábyrgð rekur þar steinsteyppugjörð með firmanafninu »Steinsteyppufjelagið Steinöldin, limitað«. Samþykktir dags. í júlímánuði 1907. Höfuðstóll 3200 kr. skiftist í 4 hluti á 800 kr., er hljóða á nafn, og skyldu allir vera greiddir innan 1. ágúst 1907 og eru nú allir innborgaðir.

Stofnendur fjelagsins og hluthafar með 1 hlut hver eru: Chr. Havsteen, Gránufjelagið, Sigtryggur Jóhannesson og Anton Jónsson. Formaður fjelagsins Sigtryggur Jóhannesson er framkvæmderstjóri þess og stjórnandi.

Hann einn ritar firmað þannig:

pr. Steinsteyppufjelagið Steinöldin, limitað.

2. Firma »J. Gunnarsson & S. Jóhannesson« er 19. maí 1908 hætt atvinnurekstri og aflýsist.

### IX. Suðurmúlasýsla.

Kaupfjelagið »Austri« á Djúpavogi rekur verslun með samstaklegri (solidariskri) ábyrgð allra fjelagsmanna. Lög fjelagsins gilda frá 18. apríl 1908. Fjelaginu stjórnar 5 manna nefnd. Til að veita versluninni forstöðu ræður fjelagið verslunarstjóra. Engir samningar eru bindandi fyrir fjelagið nema öll stjórnar-nefndin skrifti undir þá. Annars hefir verslunarstjóri ásamt formanni eða varaformanni nefndarinnar rjett til að rita firmað.

Í stjórnarnefnd fjelagsins eru: Ólafur hjeraðslæknir Thorlacius á Búlandsnesi (formaður), Jón prestur Finnsson í Hrauni (varaformaður), Jón Árnason óðalsbóndi í Múla, Sigurður Antoniusson óðalsbóndi á Berunesi og Sigurður Jónsson óðalsbóadi á Reyðará.

Verslunarstjóri fjelagsins er Gustav Iwersen á Djúpavogi.